

SKÝRSLA UM ALVARLEGT FLUGATVIK

sbr. lög nr. 35/2004 um rannsókn flugslysa

Féll í vök í akstri á ísilögðu vatni

M-05207/AIG-27

**TF-RLR
Cessna 172
Úlfsvatn á Arnarvatnsheiði
28. desember 2007**



Markmið flugslysarannsóknna er að greina orsakapætti flugslysa í því skyni einu að koma í veg fyrir að flugslys endurtaki sig og stuðla að því að öryggi í flugi megi aukast. Tilgangurinn er ekki að skipta sök og/eða ábyrgð. Skýrslu Rannsóknarnefndar flugslysa skal ekki beitt sem sönnunargagn í opinberum málum, en rannsókn á meintri refsiverðri háttsemi í tengslum við flugslys er óháð rannsókn flugslysa sbr. lög nr. 35/2004 um rannsókn flugslysa.

Um flugið

Helstu staðreyndir	
Staðsetning:	Úlfsvatn, Arnarvatnsheiði
Dagsetning:	28. desember 2007
Tími ¹ :	14:10
Lofffarið:	
• tegund:	Cessna R172K
• skrásetning:	TF-RLR, skráð til einkaflugs
• framleiðsluár:	1979
• raðnúmer	R1723156
• Lofthæfiskírteini:	Lofthæfiskírteini í gildi
Tegund flugs:	Einkaflug
Fjöldi um borð:	Einn
Meiðsl:	Engin
Skemmdir:	Minniháttar
Atvikslýsing:	Féll í vök í akstri á ísilögðu vatni

Flugmaður											
Aldur, kyn:	48 ára, karlmaður										
Skírteini:	Handhafi PPL/A skírteinis, útgefið af Flugmálastjórn Íslands. Skírteinið var í gildi										
Heilbrigðisvottorð:	Annar flokkur. Skírteinið var í gildi										
Áritanir:	Single-engine-piston (SEP) í gildi										
Reynsla:	<table border="1"><tbody><tr><td>Heildartími:</td><td>540</td></tr><tr><td>Heildartími tegund:</td><td>200</td></tr><tr><td>Síðustu 90 dagar:</td><td>6</td></tr><tr><td>Síðustu 28 dagar:</td><td>-</td></tr><tr><td>Síðustu 24 tímar:</td><td>0</td></tr></tbody></table>	Heildartími:	540	Heildartími tegund:	200	Síðustu 90 dagar:	6	Síðustu 28 dagar:	-	Síðustu 24 tímar:	0
Heildartími:	540										
Heildartími tegund:	200										
Síðustu 90 dagar:	6										
Síðustu 28 dagar:	-										
Síðustu 24 tímar:	0										
Hvíldartími:	Flugmaðurinn var vel hvíldur að eigin sögn										

¹ Allir tímar í skýrslunni eru staðartími (UTC) ef annað er ekki tekið fram.

Flugmaðurinn á TF-RLR fór þann 28. desember 2007 í könnunarflug til að athuga með snjóalög á Úlfsvatni og vað á Norðlingafljóti. Hugðist hann koma þar daginn eftir ásamt öðrum flugmönnum og æfa landingar á ís á vatninu. Flugmanninum fannst snjóþekjan helst til mikil á vatninu en ákvað að snerta hana aðeins til að sjá hversu mjúkur snjórinn væri.

Aðflugið var framkvæmt með 10 gráðu vængbörð og á um 75 hnúta hraða. Við fyrstu snertingu veitti snjórinn það mikið viðnám að hæðarstýri og fullt afl dugðu ekki til að hefja flug á nýjan leik. Eftir landinguna ók flugmaðurinn flugvélinni um einn kílómetra fram og til baka um frosið vatnið til að gera för í snjóinn og troða braut fyrir flugtaks. Var flugmaðurinn að klára þriðju ferð eftir braut þegar að nefhjólíð féll niður um ís eins og sjá má á myndunum að neðan.

Að sögn flugmannsins telur hann ísfleka hafi rekið í sundur og þynnri ís frosið á milli flekanna. Þar hafi því myndast um 4-5 metra breitt svæði með þynnri ís sem nefhjól flugvélarinnar féll niður um.



Mynd 1: Braut sem flugmaður var að troða í undirbúningi til flugtaks



Mynd 2: TF-RLR á Úlfsvatni

Tillögur í öryggisátt

Engar tillögur í öryggisátt.

Breytingar í átt til öryggis

Engar.

Reykjavík, 28. maí 2009
Rannsóknarnefnd flugslysa